

# MADUR OG KONA

## I

Flest sem ég hefi séð ritað til samanburðar á manni og konu — eða karlkyni og kvenkyni af tegundinni homo sapiens — á sammerkt í því, að hallað er á konuna. Jafnvel hinn ágæti rithöfundur og náttúrufræðingur dr. Ludwig Reinhardt, sem skrifað hefir eina þá bestu bók um fortíð mannkynsins, *Der Mensch zur Eiszeit*, segir í bók sinni, *Das Leben der Erde*, (um lífið á jörðinni), að konan sé karlmanninum síðri um allt. Og í þessu sambandi má einnig geta þess, að í fornsögum vorum, sem svo frægar eru fyrir mannlýsingar, er kvenlegri fegurð hvergi lýst, þar er engin kvenlýsing, er svari til hinna frægu lýsinga á Gunnari Hámundarsyni eða Agli Skallagrímssyni, ekki eitt orð er sagt um vöxt, hár eða augu Guðrúnar Ósvífrsdóttur eða Helgu fögru, og svo margra annarra, sem ástæða hefði verið til að lýsa. Væri þetta efni þess vert að rita um það nokkru nánar, þó að það sé ekki gert að sinni.

## II

Í Skírni nýútkomnum er grein um mun karla og kvenna eftir Cyril Burt (þýdd af dr. G. F.) þar sem einnig kennir nokkuð þessa vanalega ranglætis gagnvart kvenfólkinu. Burt lætur sér, að því er líkamsútlitið snertir, nálega nægja að tilfæra hina alkunnu lýsingu heimspekingsins Schopenhauers. Mun Schopenhauer fáar konur hafa séð þannig, að hann gæti að nokkru marki dæmt um vaxtarlag þeirra, hjá því sem á þessum ípróttatímum er hægt, og verður það að vera spekingnum til afsökunar. En þó er sá munur karla og kvenna, sem Schopenhauer hefði vel getað séð, og fengið mundi hafa hann til að skrifa með meiri virðingu um fætur

kvenfólksins. En satt að segja hefi ég hvergi séð þann mun nefndan, og má furðu gegna, svo mikið sem á honum ber.

### III

Mannkynið er orðið til upp úr dýrum, sem endur fyrir löngu, mörgum milljónum ára, gengu á fjórum fótum, en síðan áttu niðja sem, svo að ég segi langa sögu í fáum orðum, vöndust við að nota afturfæturlauna eina til gangs. Það var vandlærð íþrótt fyrir niðja hins ferfætta dýrs að læra að ganga á tveimur fótum, svo vandlærð, að mannkynið hefir ekki lært hana til fulls þann dag í dag. En þar er þó konan karlmanninum miklu fremri, eins og öllum er auðvelt að sjá, sem veita vilja þessu eftirtekt. Yfirleitt eru hreyfingar kvenfólksins snotrari, og kemur það af því, að liðamótin eru mýkri, liðböndin öllu betur gerð. Í sambandi við þetta stendur, að yndisþokki er eiginleiki kvenfólksins, miklu fremur en karlmanna, eða jafnvel svo, að vér notum ekki það orð í sambandi við karlmann. Þess má hér minnast, að hjá Grikkjum hinum fornu, eða í trú þeirra, voru til þokkagyðjur, Kharites, en engir þokkaguðir eru þar nefndir. Yfirburðir kvenfólksins um gangfegurð stafa þó eigi einungis af hinum mýkri liðamótum, heldur einnig af því, að sökum vaxtarlagsins, er þungamiðjan neðar í líkamanum og fæturlauna hafa minna að bera, og eru víst þar að auki að tiltölu sterkari. Af þessum ástæðum er það einnig, sem kvenfólkið gerir sumar jafnvægisæfingar betur og dansar betur en karlmennirnir. Jafnvel þeir karlmenn, sem snillingar eru í fimleikum, geta þó ekki dansað með þeirri fegurð, sem kemur fram í dansi þeirra kvenna, sem ágætar eru á því sviði. Fleira mætti nefna, sem konum er betur gefið en körlum, og skal þó aðeins á eitt vikið enn. Varla mun verða á móti því borið, að konan er vanalega betur eygð en karlmaðurinn, en ekkert kann ég um það að segja, hvort þessu fylgir betri sjón.

#### IV

Mannslíkaminn eins og vér þekkjum hann hér á jörðu, er einungis á byrjunarstigi, þrátt fyrir það, þó að hann eigi sér ótrúlega langa sköpunarsögu. En takmarkið er fullkomnun, og það ekki einungis fyrir einhverja fjarlæga niðja þeirrar kynslóðar, sem nú er uppi, heldur einnig fyrir sjálfa þá, sem nú lifa. Því að eins og ég hefi oft ritað um, lifa menn áfram, eftir dauðann hér á jörðu, líkamlegu lífi á öðrum jarðstjörnum. Því hefir verið haldið fram, að kynin muni líkjast hvort öðru því meir sem lengra líður. En hitt mun þó öllu réttara, að þau fullkomnist hvort á sína vísu, svo að kona framtíðarinnar verði kvenlegri, og karlmaðurinn karlmannlegri. En annars er þetta allt saman svo mikið efni, að hér verður ekki meir en rétt á það drepíð.